

---

Fréttatilkynning 15. febrúar 2007

**Samtaka – svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar:**

# Öflugur málsvari foreldra, aukið samstarf við bæjaryfirvöld

Foreldrar grunnskólabarna á Akureyri og í Hrísey hafa tekið saman höndum og stofnað svæðisráð undir heitinu SAMTAKA til að vinna að sameiginlegum málefnum nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins. Í ráðinu eiga nú sæti þrettán manns, tveir foreldrar frá hverjum grunnskóla á Akureyri og einn úr Hrísey.

Samtaka - svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar er samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga og málsvari grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Tilgangur svæðisráðsins er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamállum. Ráðið vinnur að sameiginlegum málefnum nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins og foreldra þeirra, veitir skólanefnd umsagnir um ýmis mál er varða starfsemi grunnskólanna og er bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Svæðisráðið er tengiliður foreldra á svæðinu við Heimili og skóla, landssamtök foreldra og tilnefnir fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna. Jafnframt kýs ráðið sér fastan fulltrúa til setu sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt á fundum skólanefndar eins og mælt er fyrir í 13. grein grunnskólalaga.

Foreldrafélag er frjálst félag foreldra grunnskólabarna og samstarfsvettvangur foreldra og nemenda en foreldraráð er þriggja manna ráð sem kosið er í samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga og er skólastjórnendum til ráðgjafar um málefni er snerta starfsemi skólanna.

Undirbúningur að stofnun svæðisráðsins hófst fyrir tæpu ári að frumkvæði Heimilis og skóla. Með dyggri aðstoð samtakanna og Ingibjargar Auðunsdóttur, sérfræðings á skólaþróunarsviði HA, hefur ráðið nú verið stofnað. Formlegur stofnfundur svæðisráðsins var haldinn 5. febrúar. Af því tilefni buðu samtökin Heimili og skóli til námskeiðs þar sem fjallað var um hlutverk stjórnara foreldrafélaga, foreldraráða og bekkjarráða. Kosið hefur verið í trúnaðarstöður á vegum ráðsins auk þess sem samþykkt hafa verið drög að starfsreglum.

**Formaður:** Hólmfríður Þórðardóttir, foreldraráði Oddeyrarskóla, frida@akmennt.is

**Varaformaður:** Haraldur Ingólfsson, foreldraráði Glerárskóla

**Ritari:** Guðjón H. Hauksson, foreldraráði Brekkuskóla

**Áheyrnarfulltrúi á fundum skólanefndar:** Haraldur Ingólfsson

**Aðalmaður í fulltrúaráð Heimilis og skóla:** Hólmfríður Þórðardóttir

Framhaldsstofnfundur þar sem endanlega verður gengið frá starfsreglum og mörkuð stefna um þau verkefni sem ráðið mun einbeita sér að á næstunni verður haldinn innan tíðar.

Í svæðisráðinu eiga eftirtaldir fulltrúar sæti:

**Brekkuskóli:** Guðjón H. Hauksson og Sólveig Sveinbjörnsdóttir

**Giljaskóli:** Hlynur Jóhannsson og Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

**Glerárskóli:** Haraldur Ingólfsson og Jóhanna Bergsdóttir

**Grunnskólinn í Hrísey:** Linda María Ásgeirsdóttir

**Lundarskóli:** Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Brynjar Bragason

**Oddeyrarskóli:** Hólmfríður Þórðardóttir og Hjalti Jóhannesson

**Síðuskóli:** Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sigríður Víkingsdóttir

---